

FÖSTUDAGSKVEÐJA YNGSTA STIGS

ÍÞRÓTTIR

Íþróttir eru byrjaðar eftir geggjað langt frí. Það eru margar íþróttir í boði eins og fótbolli, körfubolti og meira að segja fimleikar og karate.

SUND

Sundið er opið. Sund tími er skemmtilegur. Sundið var lokað útaf covid. Það er svo gaman að leika og við fórum í heita pottinn.

VINÁTTA

Við erum að vinna með vináttubangsa. Og við tókum stelpu og strákafund um vináttu. Við eigum að vera góður vinur og leika. Við eigum að leika sem sannir vinir. Vináttu táknar hugrekki, virðingu, umhyggju og umburðalyndi. Við eigum að vera góð hvort annað alltaf. Við erum ekki vond við hvort annað. Bannað að leggja í einelti. Bannað að vera að stríða.

ENDURVINNSLA OG UMHVERFIÐ

Í þessari viku vorum við að læra um endurvinnslu og umhverfið. Við vorum að skoða hvað kostar að halda afmæli ef við kaupum blöðrur, diska, glös og allskonar partý dót. Ekki henda dóti frekar gefa fólki dótið sitt. Við þurfum að passa umhverfið okkar og jörðina því að það tekur mörg hundruð ár fyrir plast til að eyðast í jörðina og eða maður er að borða mat og við viljum ekki borða meira. Passa upp á matarsóun. Passa að opna pakkana varlega svo maður getur notað hann aftur og aftur og aftur.

UNGLINGASTIG

Unglingarnir eru áfram í lotu vinnu og núna að vinna trúarbragðafræðiverkefni. Einnig eru þau í vefsíðugerd!

MIDSTIG

Voru að búa til geimskip í náttúrufræði sem þau áttu að lifa af í 6000 ár. Þau bjuggu til samstæðuspil í dönsku, fóru í stærðfræðileik og almenn verkefnavinna.

FYRSTI SNJÓRINN

Það kom snjór í vikunni og við fórum í snjókast og það var gaman. Við gerðum líka snjókarl. Við verðum snjóhús. Það snjóaði í gær. Á þriðjudaginn fáum við að opna dagatalið. Sumir fengu snjó í hausinn og það var mikill vindur. Snjórinn var blautur. Það var mjög gott að fá blautan snjó svo boltarnir detti ekki í sundur. Sumir borða snjóinn. Sumir dýfðu hausnum í snjóinn og sumir fengu snjóbolta í hausinn og sumir inn á sig.